



Lögreglustjórinn á Vesturlandi,
Bjarnarbraut 2,
310 Borgarnes.

Reykjavík 21. október 2021

2110010

0.30

Efni: Viðbótarspurningar til lögreglustjórans á Vesturlandi.

Vísað er til fyrri samskipta út af störfum undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Nefndin hefur síðustu daga verið að kynna sér aðstæður á talningarstað, átt samtöl við fólk og víðað að sér gögnum. Nefndin hefur ekki að fullu lokið athugun sinni á málavöxtum. Í þágu þeirrar athugunar sem fram fer af hálfu undirbúningnefndarinnar fer Alþingi þess á leit að veitt verði svör við eftirfarandi spurningum:

1. Fram kemur í svari lögreglustjórans á Vesturlandi 15. október sl. að bakdyrum, sem liggja að brunaútgangi, mun hafa verið læst eftir að yfirkjörstjórn fór af talningarstað, en það sjáist ekki á upptökum úr eftirlitsmyndavélum. Þá er tekið fram að dyrnar hefðu verið opnar um nóttina til að lofta út og að ekki liggi fyrir staðfesting á hvenær dyrunum hafi verið læst. Þá kemur fram að ein eftirlitsmyndavél sé á bakhlið hússins, en hún sýnir ekki brunaútganginn sjálfan heldur beinist hún að plani þar fyrir utan.
 - a. Hefur lögreglan skoðað myndefni úr myndavélinni sunnudaginn 26. september frá kl. 07:00 til kl. 13:00? Eru sjáanlegar mannaferðir á planinu fyrir utan brunaútganginn?
2. Samkvæmt upplýsingum undirbúningsnefndarinnar mun fundargerð yfirkjörstjórnar frá fundi hennar 25.-26.september sl. hafa verið send kjörstjórnarfólki í drögum, sem síðan hafi gengið á milli þeirra í tölvupósti áður en gengið var frá henni í gerðabók kjörstjórnarinnar.
 - a. Liggja fyrir tölvupóstsamskipti kjörstjórnarmanna um frágang fundargerðarinnar? Ef svo er, er hægt að fá aðgang að þeim eða upplýsingar um efni þeirra?

3. Af umfjöllun fjölmiðla má ráða að kjörstjórnarfólki í yfirkjörstjórn Norðvestur kjördæmis hafi verið gert tilboð um að ljúka máli því sem lögreglan hefur haft til rannsóknar með sektargerð.
 - a. Getur lögreglan upplýst á hvaða ákvæðum laga um kosningar til Alþingis þar er byggt?
4. Í bréfi lögreglustjórans á Vesturlandi frá 15. október sl. kemur fram að lögreglan hafi aflað ljósmynda sem starfsmaður hótelsins hafi tekið inni í salnum kl. 08:07 og tveir starfsmenn hótelsins kl. 09:40 á meðan yfirkjörstjórn var fjarverandi.
 - a. Getur lögreglan látið Alþingi í té umræddar ljósmyndir?
5. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum má ráða að oddviti yfirkjörstjórnar hafi komið aftur á talningarstað um kl. 12:00. Á fundi með undirbúningsnefndinni sagðist oddviti hafa rætt við kunningja sinn í síma um það leyti. Aðrir kjörstjórnarmenn komu skömmu síðar eins og rakið er í fundargerð yfirkjörstjórnar.
 - a. Hefur lögreglan skoðað yfirlit yfir mótekin og hringd símtöl einstakra kjörstjórnarmanna?

Þess er góðfúslega óskað að svör berist eigi síðar en fyrir kl. 17. föstudaginn 22. október nk.

Ragna Árnadóttir

Ragna Árnadóttir

skrifstofustjóri Alþingis